| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 15. júní 2015 – 1. útg |
| **Námsgrein** | Saga |
| **Titill** | Listasaga |
| **Skammstöfun** | SAGA3CC05 |
| **Viðfangsefni** | Listasaga |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 3 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Saga sjónlista frá fornöld til samtímans. Megináhersla er lögð á vestræna listasögu en einnig er fjallað um listþróun í öðrum heimshlutum. Gerð er tilraun til að leiðrétta kynjahalla listasögunnar. Meðal viðfangsefna eru einkenni ýmissa stíla og tímabila í byggingarlist, höggmyndalist og málaralist. Sömuleiðis eru kynnt ný listform og nemendur kynna sér íslenska myndlist í fortíð og samtíma. |
| **Forkröfur áfanga** | SAGA2BA05 eða SAGA2BB05 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• einstökum tímabilum í listasögu og helstu einkennum þeirra og átta sig á samhengi og þróun listasögunnar.<br>• mismunandi tækni og aðferðum listamanna.<br>• helstu stefnum og straumum í samtímalist og fulltrúum þeirra, innlendum og erlendum.<br>• fjölbreytileika listasögunnar og því að henni hefur hingað til ekki alltaf verið miðlað með sanngjörnum hætti. |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• beita fjölbreyttum aðferðum til að leita sér upplýsinga og meta ólíkar greinar sjónlista.<br>• miðla þekkingu sinni á sjónlistum á skiljanlegan hátt og nota til þess fjölbreyttar aðferðir. |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• draga ályktanir um einstök listaverk, vinnslu þeirra og merkingu.<br>• skoða listaverk frá ólíkum sjónarhornum og lýsa þeim á hlutlægan og rökstuddan hátt. |

| | |
|---|---|
| | • átta sig á félagslegum bakgrunni sjónlista á mismunandi stöðum og tímaskeiðum.<br>• fjalla á gagnrýninn hátt um sjónlistir, eldri verk og samtímaverk. |
| **Námsmat** | Áfanginn er símatsáfangi með fjölbreyttu námsmati. Skrifleg verkefni, kaflapróf og kynningar. |